

Nr. 7.

5.
júli.

Auglýsing

um

staðfesting á breyting á reglugjörð [fyrir Íslandsbanka frá
25. nóvbr. 1903.

Aðalfundur hluthafa í Íslands banka hefur 2. þ. m. löglega samþykkt eftirfarandi breytingar á reglugjörð bankans:

- 1, Við 8. gr. Í stað orðanna í 4. línu greinarinnar: »er ekki nemi minna verði en helmingi« komi: »er ekki nemi minna verði en $\frac{3}{8}$ «.
- 2, Við 9. gr. Töluliður c. út að orðunum »gegn því« orðist þannig: »Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka, Englandsbanka eða Skotlands, svo og hjá öðrum bankastofnunum, sem að minnsta kosti $\frac{5}{7}$ fulltrúaráðs bankans álíta fulltrygga og taldar eru til fyrsta flokks«.
- 3, Við 10. gr. Tveir fyrstu málsliðir greinarinnar falli burt, og fyrri hluti greinarinnar orðist þannig:
»Af málmforða bankans skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans hjer á landi svo mikið, að það svari að minnsta kosti til $\frac{3}{10}$ hluta seðlafúlgu þeirrar, sem úti er í hvert skipti, enda sje það gjaldgeng mynt og $\frac{5}{6}$ hlutar þess gullmynt«.
- 4, Við 33. gr. Í staðinn fyrir »1. maí« í 2. línu komi »1. apríl«.

Framanskráð reglugjörðarbreyting staðfestist hjer með samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 og 35. gr. í reglugjörð bankans, staðf. 25. nóv. 1903.

Þetta gjörist hjer með almenningi kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands 5. júli 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Kundgørelse

angaaende

Nr. 7.
5.
Juli.

Stadfæstelse paa Forandring i Statuter for Islands Bank af
25. November 1903.

Paa Islands Banks ordinære Generalforsamling den 2. d. M. blev lovmæssig vedtaget følgende Ændringer i Bankens Statuter:

- 1, I § 8. I Stedet for Ordene »mindst den halve Værdi«, i §'s 4. Linie træder:
»mindst $\frac{3}{8}$ «.
- 2, I § 9. Pkt. c. indtil Ordene »imod at« affattes saaledes:
»Tilgodehavender betalbare paa Anfordring hos Nationalbanken i København, Norges Bank og Bank of England (eller Scotland) samt hos andre Bankinstitutter, som af i det mindste $\frac{5}{7}$ af Medlemmerne af Bankens Repræsentantskab anses for fuldstændig solide, og som henregnes til Bankinstitutioner af første Klasse«.
- 3, I § 10. §'s 2 første Punkter bortfalde og dens første Halvdel affattes saaledes:
»Af Bankens Metalfond skal stedse være til Stede i Banken og dens Filialer her i Landet i det mindste saa meget, som svarer til $\frac{3}{10}$ af den til enhver Tid omløbende Seddelmasse; dette skal være til Stede i gangbar Mønt og $\frac{5}{6}$ deraf i Guldmønt«.
- 4, I § 33. I Stedet for »1. Maj« træder »1. April«.

Foranstaaende Statutforandring stadfæstes herved i Henhold til Lov af 10. Novbr. 1905 og § 35 i Bankens Statutter af 25. Novbr. 1903.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Islands Ministerium, den 5. Juli 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.